



Fundargerð svæðisráðsfundar Ægissvæðis starfsárið 2013-2014, fyrsti fundur haldinn 16. nóvember 2013 í umsjá Sólborgar í Kiwanihúsinu í Hafnarfirði.

Fundarsetning

Svæðisstjóri Jóhanna Einarsdóttir setti fundinn kl. 9:00 og bauð fundarmenn velkomna. Ræddi í upphafi breytingu á fundum, engar skýrslur verða lesnar á fundum, vel var tekið í það.

Gullkorn

Forseti Sólborgar, Sigrún Sigurðardóttir

Mæting

Mættir voru 39 fundarmenn, þ.a. 4 fulltrúar frá Vörðu, 6 frá Keili, 2 frá Hof, 7 frá Sólborg, 3 frá Setberg, 4 frá Hraunborg, 9 frá Eldey og 4 frá Eldborg.

Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð borin upp til samþykktar og nokkrar nafnaleiðréttingar, Margrét Guðleifsdóttir skipaður ritari svæðisins og ritari ársins var Líney Bergsteinsdóttir. Fundargerð samþykkt með áorðnum breytingum.

Morgunverðarhlé

Umræður um skýrslur

Jóhanna svæðisstjóri hafði sent öllum forsetum skýrslurnar á netinu og hrósaði forsetum hvað þeir voru duglegir að senda skýrslurnar, nokkrir hnökur urðu varðandi internetið en Konráð og Jóhanna gerðu því góð skil. Guðmundur frá Hofi vill að guli liturinn í B skýrslu verði tekinn út, Líney í Vörðu tóku undir þetta og vill láta skoða skýrslurnar betur. Jóhanna mun skoða þetta. Guðjón Guðnason Eldborg hrósaði tækninni sem komin er varðandi skýrslurnar. Dröfn hrósaði þessari nýbreytni varðandi skýrslurnar og ætlar að sjá til þess að B skýrslurnar verði yfirfarnar hjá umdæminu. Ítrekaði að hafa í skýrslum hverjir væru í stjórn hjá hverjum klúbbi.

Snúum vörn í sókn

Óskar Guðjónsson var með smá kynningu á 5 ára fjölgunarátaki (5 ára grasrótarátak til að efla og fjölga í Kiwanishreyfingunni) sem heimstjórn samþykkti í apríl 2013.

Fækkun frá árinu 2005 er um 25% sem er alls ekki viðunandi, ungliðaklúbbum hefur reyndar fjölgað sem er mjög jákvætt. Miklar umræður urðu um málið og verður þetta tekið

betur fyrir. Mikil hætta á að nýjir klúbbar fjari út ef ekki verður betur hlúð að þeim frá eldri klúbbum. Extra átak verður sett á árið 2014 þar sem hreyfingin verður 100 ára. Mjög áhugaverður fyrirlestur og glæru kynning hjá Óskari.

Konráð Konráðsson tók til máls og byrjaði að afsaka þetta með mætingabókina. Vonast til að fjölgun verði á félögum og urðu góðar og skemmtilegar umræður úr sal. Hugmynd um að stofna kannski pólskan eða tailenskan klúbb sem gæti verið áhugavert, einnig klúbba fyrir brottflutta heimamenn víðsvegar um landið. Ungir félagar stofni nýja klúbba og yngi upp en þetta gæti orðið dýrt því kostnaðarsamt er að stofna nýjan klúbb. Óskar nefndi að mikill ríður væri milli félagsmanna, þurfum að hlú betur hvort að öðru, vantar rétta andann. Miklar umræður urðu sem verða ekki taldar upp hér.

Andrés Hjaltason tók til máls og nefndi að það þurfi ekki endilega fleiri félaga heldur virkja betur Kiwanismenn og þá frá hjartanu. Yngja upp í klúbbum. Matthías Pétursson tók heilshugar undir orð Konráðs um að ná inn vinalópum, það reynist oft gott. Einnig þakkaði hann Óskari fyrir umræðu sína.

Ragnar Örn Pétursson sagði áhugaverða sögu um marmaraköku og kaffi. Einnig svaraði hann í stuttu máli um fjölgunina og nefndi að stjórn hvers klúbb tæki að sér að fara eftir stefnumótum sem lögð var til.

Dröfn Sveinsdóttir í Sólborgu vill snúa vörn í sókn og spyrja „Hvað vill ég gera fyrir klúbbinn minn“.

Guðmundur í Hof sagði að Ragnar Örn yrði góður framsögumaður hreyfingarinnar.

Umræðuhópar

3 umræðuhópar voru á fundinum, góð tilbreyting á fundarsetu, tók um 25 mín, mjög fræðandi og skemmtilegt.

Samstarf og samvinna klúbbana á svæðinu.

Björn Kristinsson Keili var með fyrstu kynninguna. Samstarfsáhugi á sameiginlegum verkefnum hjá félögum. Virkja betur verkefni sem eru til staðar. Hafa ball fatlaðra fyrir alla sem hafa áhuga. Sameiginlegt bingó, grillferð fyrir fatlaða. Búa til límmiða sem hægt er að hafa í afturrúðum á bílum, hjálma, húfur, vesti á leikskóla, endurskinmerki, veiðiferð með fötluðum, og svo taka upp logo „Gaman saman“

Kynningar og markaðssetning á Kiwanis.

Líney Bergsteinsdóttir Vörðu með kynningu 2. Fá kynningarfulltrúa um allt land, blaðið gefið út, annað rafrænt. Kynningarsnepill Ragnars, gefa öllum svoleiðis. Kynning á heimasíðu fyrir almenning og límmiða í alla bíla.

Hvernig sérðu fyrir þér breytt umdæmisþing.

Konráð Konráðsson Eldey með kynningu 3. Breyta umdæmisþingi, frekar þurr og leiðinlegt.

Hafa meiri fræðslu fyrir félag, vantar hvatningu fyrir nýja félag. Fræðsla nauðsynleg til helminga fræðslu embættismanna, skiptar skoðanir þar um. Þingstörf væri hægt að stytta í 2 tíma í stað allann daginn. Hafa málstofur fyrir almennann félagsmann í litlum hópum því þá talar fólk frekar. Afmarka málefni. Varðandi galaball voru skiptar skoðanir þar á. Verðlaunaafhendingar taka of langan tíma á ballinu, hafa frekar bara ball og skemmtun. Kynna betur hvað aðrir klúbbar eru að gera.

Jóhanna þakkaði fyrir góða vinnu í hópunum og góð rök, ræddi ýmsar hugmyndir og við mættum fara meira í nútímann.

Önnur mál

Matthías Guðmundsson tók til máls og kynnti fjáröflun Setbergs, götukort af Garðabæ sem dreift var í öll hús bæjarins, flottur gróði, 75 auglýsingar sem gerði 1.2 milljónir. Margir fundir og samstaða í klúbbnum. Þakkaði að lokum fyrir ánægjulegan og skemmtilegan fund.

Líney Bergsteinsdóttir spurði um ákall félaga á Filipseyjum. Óskar svaraði að ástandið væri mjög slæmt, um 4 milljónir barna þjást þar, þjóð í neyð. 2 umdæmi eru þar og 200 klúbbar. Hann hvetur til að rétta hjálparhönd frá okkur. Styrktarsjóður sendir fé út og skorar á klúbba að styrkja. Styrktarsjóður fer með málið.

Ragna Pétursdóttir Sólborg þakkaði Jóhönnu breytingu á dagskrá svæðisráðsfundarins.

Svæðisstjóri Jóhanna Einarsdóttir þakkaði góðan og skemmtilegan fund, gaman að brjóta upp fundinn og sleit fundi kl. 12.20

Margrét Guðleifsdóttir